

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/4/EB

frá 16. febrúar 1998

um breytingu á tilskipun 93/38/EBE um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti(*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
einkum 2. mgr. 57. gr., 66. gr. og 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
189. gr. b í sáttmálanum (3), á grundvelli sameiginlegs texta
sáttanefndarinnar frá 26. nóvember 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (1986-1994) (4), samþykkti ráðið, fyrir hönd bandalagsins, meðal annars samninginn um opinber innkaup, hér á eftir nefndur „samningurinn“, þar sem stefnt er að því að gera marghliða rammasamning um jafnvæg réttindi og skyldur í opinberum innkaupum í því skyni að auka frelsi í heimsviðskiptum og efla þau. Samningurinn hefur engin bein áhrif.
- 2) Með tilskipun 93/38/EBE (5) voru reglur aðildarríkjanna um innkaup stofnana, sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, samræmdar til að skilyrðin til að leita eftir slíkum samningum væru hin sömu í öllum aðildarríkjunum.
- 3) Þær samningsstofnanir, sem samningurinn tekur til og hlíta tilskipun 93/38/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun og beita sömu ákvæðum varðandi verktaka, birgja og þjónustuveitendur frá þriðju löndum, sem undirritað hafa samninginn, uppfylla þar með ákvæði samningsins.
- 4) Með tilliti til þeirra alþjóðlegu réttinda og skuldbindinga, sem bandalaginu ber að virða eftir samþykkt samningsins, gildir það fyrirkomulag, sem skilgreint er í samningnum, um bjóðendur og vörur frá þriðju löndum sem hafa undirritað það og nær gildissvið þess ekki til samninga sem gerðir eru af samningsstofnunum sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/38/EBE, samninga sem gerðir eru af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV., V., VI. og X. viðauka þeirrar tilskipunar, þjónustusamninga sem nefndir eru í XVI. viðauka B við þá tilskipun, rannsókn- og þróunarsamningar sem nefndir eru í 8. flokki XVI. viðauka A við þá tilskipun, fjarskiptabjónustusamninga sem nefndir eru í 5. flokki XVI viðauka A við þá tilskipun og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526 og fjármagnsbjónustusamninga sem nefndir eru í 6. flokki XVI. viðauka A við þá tilskipun í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða yfirfærslu á verðbréfum eða öðrum fjármálaskjölum, eða þjónustu seðlabanka.
- 5) Tiltekin ákvæði samningsins setja bjóðendum hagstæðari skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í tilskipun 93/38/EBE.
- 6) Þegar samningar eru gerðir af samningsstofnunum í skilningi samningsins skulu möguleikar á aðgangi að opinberum samningum um kaup á þjónustu, samningum um opinber vörukaup og opinberum verk-samningum, sem samkvæmt sáttmálanum standa fyrirtækjum og vörum frá aðildarríkjunum til boða, vera a.m.k. jafn hagstæðir og möguleikar á aðgangi að opinberum samningum innan bandalagsins sem samkvæmt ákvæðum samningsins standa til boða fyrirtækjum og vörum frá þriðju löndum sem hafa undirritað samninginn.
- 7) Af þessum sökum er nauðsynlegt að auka við og aðlaga ákvæði tilskipunar 93/38/EBE.
- 8) Þörf á að tryggja raunverulega aukningu frjálsræðis á markaðnum og sanngjarnan jöfnuð í beitingu reglna

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 138, 3.6.1995, bls. 49 og Stjtið. EB C 28, 29.1.1997, bls. 4.

(2) Stjtið. EB C 256, 2.10.1995, bls. 4 og Stjtið. EB C 212, 22.7.1996, bls. 13.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 22. október 1996 (Stjtið. EB C 347, 18.11.1996, bls. 25), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 1996 (Stjtið. EB C 111, 9.4.1997, bls. 65) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 1997 (Stjtið. EB C 167, 2.6.1997, bls. 53). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. desember 1997 og ákvörðun ráðsins frá 15. desember 1997.

(4) Stjtið. EB L 336, 23. 12. 1994, bls. 1.

(5) Stjtið. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

um innkaup á þessum sviðum krefst þess enn að stofnanir, sem fjallað er um, séu einkenndar með öðrum hætti en tilvísun til réttarstöðu þeirra.

- 9) Þær breytingar, sem gerðar eru á tilskipun 93/38/EBE, skulu ekki raska jafnræði milli samningsstofnana hvort sem þær starfa í opinbera geiranum eða í einkageiranum.
- 10) Tryggja skal, í samræmi við 222. gr. sáttmálans, að reglur aðildarríkjanna varðandi eignarrétt raskist ekki.
- 11) Einfalda ber beitingu tilskipunar 93/38/EBE og leitast skal við eftir föngum að viðhalda því jafnvægi sem náðst hefur í núgildandi löggjöf bandalagsins á sviði opinberra innkaupa í þessum geirum.
- 12) Því er nauðsynlegt að rýmka gildissvið ákveðinna breytinga á tilskipun 93/38/EBE þannig að þær nái til allra samningsstofnana og geira sem falla undir þessa tilskipun.
- 13) Samningsstofnunum er heimilt að leita eftir eða þiggja leiðbeiningar sem nota má við gerð forskrifa vegna sérstakra innkaupa, að því tilskildu að slíkar leiðbeiningar séu ekki samkeppnishindrandi.
- 14) Framkvæmdastjórnin skal láta litlum og meðalstórum fyrirtækjum í té það þjálfunar- og upplýsingaefni sem þau þurfa á að halda til að geta tekið fullan þátt í breyttum markaði innkaupa.
- 15) Aukið frjálsræði á þeim sviðum, sem þessi tilskipun nær til, getur haft neikvæð áhrif á efnahagslíf Lýðveldisins Grikklands og Lýðveldisins Portúgals, sem gætu orðið fyrir töluverðum óþægindum. Því er viðeigandi að veita þessum aðildarríkjum hæfilegan viðbótarfrest til að framfylgja þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Með fyrirvara um alþjóðleg réttindi og skuldbindingar bandalagsins eftir gildistöku samningsins þar sem skilgreint er það fyrirkomulag sem gildir um bjóðendur og vörur frá þriðju löndum sem hafa undirritað samninginn, en núverandi gildissvið hans nær ekki til samninga sem gerðir hafa verið af þeim samningsstofnunum sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr tilskipunar 93/38/EBE, samninga sem gerðir hafa verið að þeim samningsstofnunum sem um getur í III., IV., V., VI. og X. viðauka við þá tilskipun, þjónustusamninga sem nefndir eru í XVI. viðauka B við þá tilskipun, rannsókn- og þróunarþjónustusamninga sem nefndir eru í 8. flokki XVI. viðauka A við þá tilskipun, fjarskiptaþjónustusamninga sem nefndir eru í 5. flokki XVI. viðauka A við þá tilskipun, og hafa CPC-númerin

7524, 7525 og 7526, og fjármagnsþjónustusamninga sem nefndir eru í 6. flokki XVI viðauka A við þá tilskipun í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða yfirfærslu á verðbréfum eða öðrum fjármálaskjölum eða þjónustu seðlabanka, er tilskipun 93/38/EBE breytt sem hér segir:

1. Í 14. gr.:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Tilskipun þessi gildir um:

a) samninga gerða af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í X. viðauka (1), að því tilskildu að áætluð samningsfjárhæð, að frádregnum virðisaukaskatti (VSK), sé ekki minni en:

- i) 600 000 ekur (ECU) vegna vörukaupa og þjónustusamninga,
- ii) 5 000 000 ekur vegna verksamninga;

b) samninga gerða af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka (2), að því tilskildu að áætluð samningsfjárhæð, að frádregnum virðisaukaskatti (VSK), sé ekki minni en:

- i) jafngildi 400 000 ekna af sérstökum dráttarréttindum (SDR) vegna vörukaupasamninga og þjónustusamninga sem nefndir eru í XVI. Viðauka A, að undanskildum rannsókna og þróunar-samningum sem nefndir eru í 8. flokki og fjarskiptaþjónustusamningum sem nefndir eru í 5. flokki, og hafa CPC-númerin 7524, 7525 og 7526,

- ii) 400 000 ekur þegar um er að ræða aðra þjónustusamninga en þá sem nefndir eru í ilið,

- iii) jafngildi 5 000 000 ekna af sérstökum dráttarréttindum (SDR) vegna verk-samninga;

c) samninga gerða af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV., V. og VI. viðauka (3), að því tilskildu að áætluð samningsfjárhæð, að frádregnum virðisaukaskatti (VSK), sé ekki minni en:

- i) 400 000 ekur vegna vörukaupa- og þjónustusamninga,

ii) 5 000 000 ekur vegna verksamninga.

- (1) X. viðauki: samningsstofnanir sem annast rekstur fjarskiptabjónustu.
- (2) I. viðauki: samningsstofnanir sem annast öflun drykkjarvatns og vatns-veitu.
- II. viðauki: samningsstofnanir sem annast raforkuframleiðslu og rafveitu.
- VII. viðauki: samningsstofnanir sem annast fólksflutninga í þéttbýli með innanbæjarjárnbrautum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum eða hópbifreiðum.
- VIII. viðauki: samningsstofnanir sem sjá um flugstöðvar.
- IX. viðauki: samningsstofnanir sem sjá um hafnir við sjó eða vatnaleiðir eða aðra stöðvaaðstöðu.
- (3) III. viðauki: samningsstofnanir sem annast gasveitu eða hitaveitu.
- IV. viðauki: samningsstofnanir sem annast leit og nám olíu og gass.
- V. viðauki: samningsstofnanir sem annast leit og nám kola og annars eldsneytis í föstu formi.
- VI. viðauki: samningsstofnanir sem annast járnbrautaflutninga.“;

b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„14. Fjárhæð viðmiðunarmarka, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., í gjaldmiðli ríkjanna skal að meginreglu endurskoðuð annað hvert ár frá og með 1. janúar 1996. Útreikning þessarar fjárhæðar skal byggja á meðaltali daggengis þessara gjaldmiðla í ekum á tuttugu og fjögurra mánaða tímabili sem lýkur síðasta dag þess ágúst mánaðar sem fer á undan endurskoðuninni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar. Fjárhæðirnar skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í byrjun nóvember.

15. Fjárhæð viðmiðunarmarka samningsins um opinber innkaup, sem gert var innan ramma Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (*) og nefnist hér á eftir „samningurinn“, tilgreind í ekum skal að meginreglu endurskoðuð annað hvert ár frá og með 1. janúar 1996. Útreikning þessarar fjárhæðar skal byggja á meðaltali daggengis ekunnar, gefnu upp í SDR, á tuttugu og fjögurra mánaða tímabili sem lýkur síðasta dag þess ágúst mánaðar sem fer á undan endurskoðuninni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar. Fjárhæðirnar skulu birtar eins og kveðið er á um í 14. mgr.

16. Taka skal reikningsaðferðina samkvæmt 14. og 15. mgr. til athugunar á grundvelli annarrar undirgreinar c-liðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 93/36/EBE.

(*) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna (1986-1994) (Stjtið. EB nr. L 336, 23.12.1994, bls. 1).“

2. Í stað c-liðar 2. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„c) skulu samningsstofnanir í framhaldi af því bjóða öllum umsækjendum að staðfesta áhuga sinn á grundvelli ítarlegra upplýsinga um viðkomandi samning áður en farið verður að velja bjóðendur eða þátttakendur í samstarfi. Í upplýsingunum komi a.m.k. fram eftirfarandi:

i) tegund og magn, þar með talið möguleikar á kauprétti vegna frekari innkaupa og, ef unnt er, hvenær skal áætla að nota megi slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal gefa upp tegund og magn og, ef unnt er, áætla tímasetningu frekari útboða varðandi þau verk, vörur eða þjónustu sem kaupa skal,

ii) hvort um lokað útboð eða samstarfsútboð er að ræða,

iii) hvaða dag afhending vara eða framkvæmd verka og þjónustu skal hefjast eða ljúka,

iv) heimilisfang og lokafrestur til að skila umsóknunum um að gera tilboð og á hvaða tungumáli eða tungumálum þeim skal skilað,

v) heimilisfang þeirrar samningsstofnunar sem gerir samninginn og veitir nauðsynlegar upplýsingar varðandi öflun forskrifta og annarra skjala,

vi) efnahagslegar og tæknilegar kröfur, fjárhagslegar ábyrgðir og upplýsingar sem birgjar, fyrirtæki og þjónustuveitendur skulu gefa,

vii) fjárhæð og greiðsluskilmála allra upphæða sem greiða skal fyrir skjöl, sem varða reglur um innkaup, og

viii) hvort samningsstofnunin leitar eftir tilboðum varðandi kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu, eða fleiri en einn þessara möguleika.“

3. Í stað b-liðar 1. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„b) fyrir verksamninga: aðaleinkenni verksamninga sem samningsstofnanir ætla að bjóða út að áætluðu verðmæti undir:

– viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í ii-lið aliðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af

samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í X. viðauka,

- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í iii-lið bliðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka, eða
- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í ii-lið c-liðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV., V. og VI. viðauka.

4. Í stað 1. og 2. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„1. Grein þessi gildir um alla hönnunarsamkeppni sem efnit er til vegna samnings um kaup á þjónustu að áætluðu verðmæti, án virðisaukaskatts, ekki undir:

- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í i-lið a-liðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í X viðauka,
- viðmiðunarmörkunum sem sett eru í i- eða ii-lið bliðar 1. mgr. 14. gr. að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka, eða
- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í i-lið c-liðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV., V. og VI. viðauka.

2. Grein þessi gildir um alla hönnunarsamkeppni þar sem heildarvinningar eða -greiðslur til þátttakenda eru ekki undir:

- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í i-lið a-liðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í X. viðauka,
- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í i- eða ii-lið bliðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka, eða
- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í i-lið c-liðar 1. mgr. 14. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af samningsstofnunum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV. V. og VI. viðauka.“

5. Í stað 2. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:

„2. Upplýsingarnar í I. þætti XV. viðauka skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Þegar það er gert skal framkvæmdastjórnin taka tillit til viðskiptahagsmuna sem viðkvæmir eru og samningsstofnanir geta sérstaklega um, þegar þær afhenda þessar upplýsingar, í sambandi við 6., 9. og 11. lið í XV. viðauka.“

6. Í stað 26. gr. komi eftirfarandi:

„26. gr.

1. Við almenn útboð skal fresturinn, sem samningsstofnanir gefa til að skila tilboðum, ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi auglýsingar. Í stað þessa frests er heimilt að setja frest sem er nægilega langur til að hlutaðeigandi geti gert gild tilboð og sem að meginreglu skal ekki vera styttri en 36 dagar og aldrei skemmri en 22 dagar frá sendingardegi útboðsauglýsingar ef samningsstofnanirnar hafa sent *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* kynningarauglýsingu sem birtist reglubundið í samræmi við 1. mgr. 22. gr., að því tilskildu að í auglýsingunni séu þær upplýsingar sem krafist er í II. og III. hluta XIV. viðauka, að svo miklu leyti sem þær upplýsingar eru til staðar á birtingartíma auglýsingarinnar sem um getur í 1. mgr. 22. gr.

Þessi kynningarauglýsing, sem birtist reglulega, skal þar að auki hafa verið send *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í minnsta lagi 52 dögum og í mesta lagi 12 mánuðum fyrir sendingardag auglýsingarinnar, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 21. gr. til *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

2. Við lokað útboð og samstarfsútboð skal eftirfarandi gilda:

- a) skilafrestur umsókna um að gera tilboð eftir auglýsingu samkvæmt a-lið 1. mgr. 21. gr. eða að boði samningsstofnunar í samræmi við c-lið 2. mgr. 21. gr. skal almennt vera að minnsta kosti 37 dagar frá sendingardegi auglýsingar en aldrei skemmri en frestur til birtingar sem settur er í 3. mgr. 25. gr., að viðbættum 10 dögum;
- b) skilafrest tilboða er heimilt að ákveða með samningi milli samningsstofnunar og útvalinna umsækjenda, að því tilskildu að allir bjóðendur fái jafnlangan tíma til að undirbúa og leggja fram tilboð;
- c) þegar ekki reynist unnt að ná samningi um skilafrest tilboða ákveður samningsstofnun skilafrest sem almennt skal vera að minnsta kosti 24 dagar en aldrei skemmri en 10 dagar frá dagsetningu

boða um að leggja fram tilboð; frestur, sem gefinn er, skal vera nægilega langur til að tillit sé tekið til þeirra þátta sem getið er um í 3. mgr. 28. gr.“

7. Í 28. gr.:

a) í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Umsóknir um að gera tilboð og boð um að gera tilboð sendist eftir skjótustu leiðum. Þegar umsóknir um að gera tilboð eru sendar með símskeyti, fjarrita, símbréfi, símleiðis eða með öðrum rafrænum miðli geta aðildarríkin krafist þess að þær séu staðfestar með bréfi sem sendist áður en frestur tilgreindur í 2. mgr. 26. gr. rennur út.“;

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Tilboðum skal skila skriflega, annaðhvort beint eða með pósti. Aðildarríkin geta heimilað að tilboðum sé skilað með öðrum hætti svo framarlega sem hægt er að tryggja :

- að hvert tilboð innihaldi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat þess,
- að tilboðsleynd sé haldin á meðan matsgerð stendur yfir,
- að slík tilboð séu staðfest skriflega eða með staðfestu endurríti eins fljótt og auðið er þegar nauðsynlegt er vegna lagalegra sannana,
- að tilboð séu opnuð eftir að afhendingar-frestur er útrunninn.“

8. Í stað 1. mgr. 30. gr. komi eftirfarandi:

„1. Samningsstofnunum, sem þess æskja, er heimilt að stofna og starfrækja kerfi til að meta hæfi birgja, verktaka eða þjónustuveitenda.

Stofnanir, sem setja á stofn eða starfrækja hæfismatskerfi, skulu tryggja að birgjar, verktakar og þjónustuveitendur geti ávallt sótt um hæfismat.“

9. Í stað 1. mgr. 35. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ákvæði 1. mgr. 34. gr. gildir ekki þegar aðildarríki byggir val samningsaðila á öðrum forsendum, innan ramma þeirra reglna sem eru í gildi við samþykkt þessarar tilskipunar, sem hafa það að markmiði að hygla ákvæðnum bjóðendum, að því tilskildu að reglur þær sem vitnað er til samræmist sáttmálanum.“

10. Ákvæði 38. gr. falli úr gildi.

11. Í stað 41. gr. komi eftirfarandi:

„41. gr.

1. Samningsstofnanir skulu geyma viðeigandi upplýsingar um hvern samning sem nægja til að gera þeim kleift síðar að rökstyðja ákvarðanir sem teknar verða í sambandi við:

- a) hæfismat og val verktaka, birgja eða þjónustuveitanda og úthlutun samninga;
- b) nýtingu undanþágna frá notkun evrópskra tækniforskrifta í samræmi við 6. mgr. 18. gr.;
- c) notkun starfsreglna sem ekki krefjast undanfarandi útboðs í samræmi við 2. mgr. 20. gr.;
- d) að ákvæðum II., III. og IV. bálks sé ekki beitt í samræmi við undanþágur í I. bálki.

2. Upplýsingarnar skal geyma í að minnsta kosti fjögur ár frá því að samningur er gerður svo að samningsstofnun geti á því tímabili veitt framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar fari hún fram á það.

3. Samningsstofnanir, sem standa fyrir þeirri starfsemi, sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka, skulu tilkynna samstarfsbirgjum, verktökum og þjónustuveitendum um ákvarðanir varðandi gerða samninga eins fljótt og auðið er og skal, sé þess óskað, veita upplýsingarnar skriflega.

4. Samningsstofnanir, sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka, skulu, svo fljótt sem auðið er frá viðtöku skriflegrar beiðni, tilkynna öllum umsækjendum eða bjóðendum, sem hafnað er, um ástæður þess að umsóknum eða tilboðum þeirra var hafnað og bjóðendum, sem skiluðu gildum tilboðum, skal veita upplýsingar um eiginleika og hlutfallslega kosti tilboðsins sem valið var auk heitis þess bjóðanda sem valinn var.

Þó er samningsstofnunum heimilt að ákveða að tilteknum upplýsingum um samningsgerðina, sem um getur í fyrsta undirlíð þessarar málsgreinar, verði haldið leyndum ef birting þessara upplýsinga kynni að hindra framgang laga eða ganga á annan hátt gegn hagsmunum almennings, eða skaða réttmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, opinberra eða í einkaeign, þar með taldir hagsmunir þess fyrirtækis sem samningurinn var gerður við, eða hindra heiðarlega samkeppni milli birgja, verktaka eða þjónustuveitenda.“

12. Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 42. gr.:

2. gr.

„1a. Að því er varðar þá starfsemi, sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka, skulu aðildarríkin tryggja, í samræmi við fyrirkomulag sem ákveðið er samkvæmt starfsreglum í 4.-8. mgr. 40. gr., að framkvæmdastjórninni berist tölfraðiskýrsla í síðasta lagi 31. október 1997 fyrir næstliðið ár og 31. október á hverju ári eftir það varðandi þá samninga sem gerðir hafa verið. Skýrslan skal innihalda þær upplýsingar sem þarf til að færa sönnur á að samningnum sé rétt framfylgt.

Þær upplýsingar, sem krafist er samkvæmt þessari málsgrein, ná ekki til upplýsinga sem varða samninga um þá þjónustu sem nefnd er í 8. flokki XVI. viðauka A, fjarskiptaþjónustu sem nefnd er í 5. flokki og hefur CPC-númerin 7524, 7525 og 7526, eða þeirrar þjónustu sem nefnd er í XVI. viðauka B.“

13. Eftirfarandi grein bætist við:

„42. gr. a

Þegar samningsstofnanir gera samninga ber aðildarríkjunum að sjá fyrir því að skilyrði fyrir þátttöku séu að minnsta kosti eins hagstæð og þau sem þriðju lönd njóta vegna samningsins. Aðildarríkin skulu í þessu skyni hafa samráð sín á milli innan ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga um þær ráðstafanir sem ber að gera á grundvelli samningsins.“

14. Í stað XII., XIII., XIV. og XV. viðauka skulu koma samsvarandi textar sem birtir eru í viðaukum við þessa tilskipun.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. febrúar 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Lýðveldinu Grikklandi og Lýðveldinu Portúgal er þó heimilt að kveða á um að þau ákvæði, sem um getur í 1. mgr., skuli taka gildi eigi síðar en 16. febrúar 2000.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þau ákvæði, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til ásamt samanburðartöflu milli þessarar tilskipunar og þeirra innlendu ráðstafana sem samþykktar hafa verið.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. M. GIL-ROBLES

J. CUNNINGHAM

forseti.

forseti.

VIÐAUKI

„XII. VIÐAUKI

A. ALMENN ÚTBOÐ

1. Heiti, heimilisfang, símnafni, símanúmer, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsstofnunar.
2. Tegund samnings (vöru-, verk- eða þjónustusamningur; tilgreinið eftir því sem við á hvort um rammisamning er að ræða).

Flokkur þjónustu í skilningi XVI. viðauka A eða XVI. viðauka B og lýsing (CPC-númer).

Takið fram, þar sem við á, hvort beðið er um útboð vegna kaupa, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu, eða sambland af þessu.
3. Afhendingarstaður eða vettvangur framkvæmda.
4. Á við um vöru- og verksamninga:
 - a) tegund og magn varanna sem afhenda skal, þar með talið möguleikar á kauprétti vegna frekari innkaupa og, ef unnt er, skal áætla hvenær megi nota slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal einnig, ef unnt er, áætla tímasetningu frekari útboða varðandi þær vörur sem kaupa skal eða tegund og umfang þjónustunnar og almennt eðli verksins,
 - b) upplýsingar um það hvort birgjar mega bjóða í allar vörurnar og/eða hluta varanna sem kaupa á inn. Ef verki eða samningi er skipt upp í mismunandi verkhluta í verksamningum skal tilgreina stærð einstakra verkhluta og möguleika á að bjóða í einn, nokkra eða alla verkhluta,
 - c) á við um verksamninga: upplýsingar um tilgang verksins eða samningsins þegar hann felur einnig í sér skipulagningu verks.
5. Á við um þjónustusamninga:
 - a) tegund og magn þeirrar þjónustu sem veita skal, þar með talið möguleikar á kauprétti vegna frekari innkaupa og, ef unnt er hvenær skal áætla að nota megi slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal einnig gefa upp tegund og magn og, ef unnt er, áætla tímasetningu frekari útboða varðandi þá þjónustu sem kaupa skal,
 - b) upplýsingar um það hvort einungis tiltekin starfsstétt megi veita þjónustuna samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,
 - c) tilvísun í viðeigandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli,
 - d) upplýsingar um það hvort lögpersónum beri að tilgreina nöfn og faglegt hæfi þeirra starfsmanna sem þjónustuna munu veita,
 - e) upplýsingar um það hvort heimilt sé að bjóða í hluta af þjónustunni sem um er að ræða.
6. Heimild til að gera frávikstilboð.
7. Undanþága frá notkun evrópskra tækniforskrifta í samræmi við 6. mgr. 18. gr.
8. Afhendingarfrestur eða frestur til að ljúka framkvæmdum eða tímabil þjónustusamnings og, ef unnt er, upphafsdagur framkvæmda.
9.
 - a) Heiti og heimilisfang þess sem svarar beiðnum um útboðsgögn og viðbótargögn.
 - b) Ef við á, fjárhæð og skilmálar greiðslu fyrir þessi gögn.
10.
 - a) Síðasti skiladagur tilboða.
 - b) Heimilisfang viðtakanda.
 - c) Á hvaða tungumáli eða tungumálum tilboð skulu samin.

11. a) Ef við á, hverjum er heimilt að vera viðstaddur opnun tilboða.
b) Hvaða dag tilboð eru opnuð, stund og staður.
12. Ef við á, tryggingarfé eða ábyrgðir sem krafist er.
13. Helstu skilmálar um fjármögnun og greiðslu og/eða tilvísanir í viðkomandi ákvæði.
14. Ef við á, það rekstrarform að lögum sem hópur birgja, verktaka eða þjónustuveitenda, sem ákveðið er að ganga til samninga við, skal mynda.
15. Efnahagslegar og tæknilegar lágmarkskröfur sem birgir, verktaki eða þjónustuveitandi verður að uppfylla ef tilboði hans er tekið.
16. Tímabil það sem bjóðanda er skylt að láta tilboð standa.
17. Forsendur fyrir vali á viðsejanda. Geta skal um aðrar forsendur en lágsta verð komi þær ekki fram í útboðsgögnum.
18. Aðrar upplýsingar.
19. Þar sem við á, tilvísun í birtingu kynningarauglýsingar sem birtist reglulega í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á við samninginn.
20. Sendingardagur kynningarauglýsingarinnar frá samningsstofnun.
21. Komudagur auglýsingarinnar á útgáfustjórn Evrópubandalaganna (gefinn upp af útgáfustjórninni).

B. LOKUD ÚTBOÐ

1. Heiti, heimilisfang, símnafni, símanúmer, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsstofnunar.
2. Tegund samnings (vöru-, verk- eða þjónustusamningur; tilgreinið þar sem við á hvort um rammasamning er að ræða).

Flokkur þjónustu í skilningi XVI. viðauka A eða XVI. viðauka B og lýsing (CPC-númer).

Takið fram, þar sem við á, hvort beðið er um útboð vegna kaupa, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu, eða sambland af þessu.
3. Afhendingarstaður eða vettvangur framkvæmda.
4. Á við um vöru- og verksamninga:
 - a) tegund og magn varanna sem afhenda skal, þar með talið möguleikar á kauprétti vegna frekari innkaupa og, ef unnt er, skal áætla hvenær nota megi slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal einnig, ef unnt er, áætla tímasetningu frekari útboða varðandi þær vörur sem kaupa skal eða tegund og umfang þjónustunnar og almennt eðli verksins,
 - b) upplýsingar um það hvort birgjar mega bjóða í allar vörurnar og/eða hluta varanna sem kaupa á inn. Ef verki eða samningi er skipt upp í mismunandi verkhluta í verksamningum skal tilgreina stærð einstakra verkhluta og möguleika á að bjóða í einn, nokkra eða alla verkhluta,
 - c) á við um verksamninga: upplýsingar um tilgang verksins eða samningsins þegar hann felur einnig í sér skipulagningu verks.
5. Á við um þjónustusamninga:
 - a) tegund og magn þeirrar þjónustu sem veita skal, þar með talið möguleikar á kauprétti vegna frekari innkaupa og, ef unnt er, að áætlað sé hvenær nota megi slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal einnig gefa upp tegund og magn og, ef unnt er, áætla tímasetningu frekari útboða varðandi þá þjónustu sem kaupa skal,
 - b) upplýsingar um það hvort einungis tiltekin starfsstétt megi veita þjónustuna samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,
 - c) tilvísun í viðeigandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli,
 - d) upplýsingar um það hvort lögpersónum beri að tilgreina nöfn og faglegt hæfi þeirra starfsmanna sem þjónustuna munu veita,
 - e) upplýsingar um það hvort heimilt sé að bjóða í hluta af þjónustunni sem um er að ræða.
6. Heimild til að gera frávikstilboð.
7. Undanþága frá notkun evrópskra tækniforskrifta í samræmi við 6. mgr. 18. gr.
8. Afhendingarfrestur eða frestur til að ljúka framkvæmdum eða tímabil þjónustusamnings og, ef unnt er, upphafsdagur framkvæmda.
9. Ef við á, það rekstrarform að lögum sem hópur birgja, verktaka eða þjónustuveitenda, sem ákveðið er að ganga til samninga við, skal mynda.
10. a) Síðasti skiladagur umsókna um að gera tilboð.
 - b) Heimilisfang viðtakanda.
 - c) Á hvaða tungumáli eða tungumálum tilboð skulu samin.
11. Lokafrestur til að senda út boð um að gera tilboð.

12. Þar sem við á, tryggingarfé eða ábyrgðir sem krafist er.
13. Helstu skilmálar um fjármögnun og greiðslu og/eða tilvísanir í ákvæði sem fjalla um þá.
14. Upplýsingar um stöðu birgis, verktaka eða þjónustuveitanda og efnahagslegar og tæknilegar lágmarkskröfur sem þeir verða að uppfylla.
15. Forsendur fyrir vali viðsemjenda þegar þær koma ekki fram í boði um að gera tilboð.
16. Aðrar upplýsingar.
17. Þar sem við á, tilvísun í birtingu kynningarauglýsingar sem birtist reglulega í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* sem á við samninginn.
18. Sendingardagur kynningarauglýsingar frá samningsstofnunum.
19. Komudagur auglýsingarinnar á útgáfustjórn Evrópubandalaganna (gefinn upp af útgáfustjórninni).

C. SAMSTARFSÚTBOÐ

1. Heiti, heimilisfang, símnafni, símanúmer, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsstofnunar.
2. Tegund samnings (vöru-, verk- eða þjónustusamningur; tilgreinið eftir því sem við á hvort um rammasamning er að ræða).

Flokkur þjónustu í skilningi XVI. viðauka A eða XVI. viðauka B og lýsing (CPC-númer).

Takið fram, þar sem við á, hvort beðið er um útboð vegna kaupa, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu, eða sambland af þessu.
3. Afhendingarstaður eða vettvangur framkvæmda.
4. Á við um vöru- og verksamninga:
 - a) tegund og magn varanna sem afhenda skal, þar með talið möguleikar á kauprétti vegna frekari innkaupa og, ef unnt er, skal áætla hvenær nota megi slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal einnig, ef unnt er, áætla tímasetningu frekari útboða varðandi þær vörur sem kaupa skal eða tegund og umfang þjónustunnar og almennt eðli verksins,
 - b) upplýsingar um það hvort birgjar mega bjóða í allar vörurnar og/eða hluta varanna sem kaupa á inn.
 - c) Ef verki eða samningi er skipt upp í mismunandi verkhluta í verksamningum skal tilgreina stærð einstakra verkhluta og möguleika á að bjóða í einn, nokkra eða alla verkhluta,
 - c á við um verksamninga: upplýsingar um tilgang verksins eða samningsins þegar hann felur einnig í sér skipulagningu verks.
5. Á við um þjónustusamninga:
 - a) tegund og magn þeirrar þjónustu sem veita skal, þar með talinn kaupréttur vegna frekari innkaupa og, ef unnt er, skal áætla hvenær má nota slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal gefa upp tegund og magn og, ef unnt er, áætla tímasetningu frekari útboða varðandi þá þjónustu sem kaupa skal,
 - b) upplýsingar um það hvort einungis tiltekin starfsstétt megi veita þjónustuna samkvæmt lögum eða stjórnarsýslufyrirmælum,
 - c) tilvísun í viðeigandi lög eða stjórnarsýslufyrirmæli,
 - d) upplýsingar um það hvort lögpersónum beri að tilgreina nöfn og faglegt hæfi þeirra starfsmanna sem þjónustuna munu veita,
 - e) upplýsingar um það hvort heimilt sé að bjóða í hluta af þjónustunni sem um er að ræða.
6. Heimild til að gera frávíkstilboð.
7. Undanþága frá notkun evrópskra tækniforskrifta í samræmi við 6. mgr. 18. gr.
8. Afhendingarfrestur eða frestur til að ljúka framkvæmdum eða tímabil þjónustusamnings og, ef unnt er, upphafsdagur framkvæmda.
9. Ef við á, það rekstrarform að lögum sem hópur birgja, verktaka eða þjónustuveitenda, sem ákveðið er að ganga til samninga við, skal mynda.
10.
 - a) Síðasti skiladagur umsókna um að gera tilboð.
 - b) Heimilisfang viðtakanda.
 - c) Á hvaða tungumáli eða tungumálum tilboð skulu samin.

11. Þar sem við á, tryggingarfé eða ábyrgðir sem krafist er.
12. Helstu skilmálar um fjármögnun og greiðslu og/eða tilvísanir í viðkomandi ákvæði.
13. Upplýsingar um stöðu birgis, verktaka eða þjónustuveitanda og efnahagslegar og tæknilegar lágmarkskröfur sem þeir verða að uppfylla.
14. Forsendur fyrir vali viðsemjenda þegar þær koma ekki fram í boði um að gera tilboð.
15. Þar sem við á, nöfn og pósthöfnir birgja, verktaka og þjónustuveitanda sem þegar hafa verið valdir af samningsstofnuninni.
16. Þar sem við á, dagsetning fyrri birtinga auglýsinga í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
17. Aðrar upplýsingar.
18. Þar sem við á, tilvísun í birtingu kynningarauglýsingar sem birtist reglulega í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á við samninginn.
19. Sendingardagur kynningarauglýsingar frá samningsstofnunum.
20. Komudagur auglýsingarinnar á útgáfustjórn Evrópubandalaganna (gefinn upp af útgáfustjórninni).

*XIII. VIÐAUKI***AUGLÝSING UM HÆFISMATSKERFI**

1. Heiti, heimilisfang, símnafni, símanúmer, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsstofnunar.
2. Tilgangur hæfismatskerfis (lýsing á vörum, þjónustu eða verkum eða flokkum þeirra sem ætlunin er að keypt sé á grundvelli kerfisins).
3. Skilyrði sem birgjar, verktakar og þjónustuveitendur verða að uppfylla með tilliti til hæfis þeirra samkvæmt kerfinu og þær aðferðir sem notaðar eru til að sannprófa hvert þessara skilyrða. Ef lýsingar á slíkum skilyrðum og sannprófunum eru mjög yfirgripsmiklar og byggðar á skjölum, sem eru aðgengileg birgjum, verktökum og þjónustuveitendum sem hagsmuna eiga að gæta, skal yfirlit yfir helstu skilyrði og aðferðir og tilvísun í þessi skjöl teljast nægilegt.
4. Gildistími hæfismatskerfisins og formsatriði varðandi endurnýjun þess.
5. Upplýsingar um að auglýsingin sé beiðni um tilboð.
6. Heimilisfang þar sem hægt er að fá frekari upplýsingar og gögn um hæfismatskerfið (ef það er annað en heimilisfangið í 1. lið).
7. Allar aðrar upplýsingar sem máli skipta.

*XIV. VIÐAUKI***REGLUBUNDIN KYNNINGARAUGLÝSING**

- I. REITIR SEM ALLTAF SKAL FYLLA ÚT
1. Heiti, heimilisfang, símnafni, símanúmer, fjarrita- og bréfasímanúmer samningsstofnunar eða aðila sem veitir frekari upplýsingar.
 2. a) Vegna vörukaupasamninga: tegund og magn eða fjárhæð þjónustu eða vöru sem kaupa á inn.
b) Vegna verksamninga: tegund og umfang þjónustu sem veita skal, helstu einkenni verksins eða verkhlutanna með hliðsjón af verkinu í heild.
c) Vegna þjónustusamninga: Áætluð heildarinnkaup í hverjum þjónustuflokki í XVI. viðauka A.
 3. Sendingardagur auglýsingar frá samningsstofnun.
 4. Komudagur auglýsingarinnar á útgáfustjórn Evrópubandalagsins (gefinn upp af útgáfustjórninni).
 5. Allar aðrar upplýsingar sem máli skipta.
- II. UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA ÞEGAR AUGLÝSINGIN ER NOTUÐ SEM ÚTBOÐ EÐA LEYFIR STYTTINGU FRESTS TIL AÐ SKILA INN UMSÓKNUM EÐA TILBOÐUM
6. Tilvísun í þá staðreynd að birgjar, sem hagsmuna eiga að gæta, skulu tilkynna samningsstofnuninni um áhuga sinn á samningnum eða samningunum.
 7. Frestur til að skila umsóknum um tilboð.
- III. UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ VEITA, AÐ SVO MIKLU LEYT SEM ÞÆR ERU TIL, ÞEGAR AUGLÝSINGIN ER NOTUÐ SEM ÚTBOÐ EÐA LEYFIR STYTTINGU FRESTS TIL AÐ TAKA VIÐ UMSÓKNUM EÐA TILBOÐUM
8. Tegund og magn vörunnar sem afhenda skal eða almennt eðli verksins eða flokks þjónustu í skilningi XVI. viðauka A eða og lýsing (CPC-númer), þar sem fram kemur hvort gerð rammisamnings er fyrirhuguð, þar með talið möguleiki á kauprétti vegna frekari innkaupa og hvenær áætlað sé að nota megi slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal einnig gefa upp áætlaða tímasetningu frekari útboða.
 9. Takið fram hvort beðið er um útboð vegna kaupa, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu, eða sambland af þessu.
 10. Afhendingarfrestur, frestur til að ljúka framkvæmdum eða tímabil þjónustusamnings og, ef unnt er, upphafsdagur framkvæmda.
 11. Heimilisfang, sem fyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta, skulu senda skriflega tilkynningu til um áhuga sinn á að gera tilboð.

Lokafrestur til að skila tilkynningu um áhuga á að gera tilboð.

Það eða þau tungumál sem heimilt er að nota í umsóknum eða tilboðum.
 12. Efnahagslegar og tæknilegar kröfur og fjárhagslegar og tæknilegar ábyrgðir sem birgjar verða að fullnægja.

13. a) Áætluð dagsetning útboðs eða útboða (hafi hún verið ákveðin).
 - b) Tegund útboðs (lokað útboð eða samstarfsútboð).
 - c) Fjárhæð og greiðsluskilmálar vegna allra gjalda sem greiða þarf fyrir skjöl varðandi útboðsgerðina.
-

XV. VIÐAUKI

AUGLÝSING UM GERÐA SAMNINGA

- I. UPPLÝSINGAR TIL BIRTINGAR Í STJÓRNARTÍÐINDUM EVRÓPUBANDA-LAGANNA ⁽¹⁾
1. Heiti og heimilisfang samningsstofnunar.
 2. Tegund samnings sem verið er að bjóða út (vörur, verk eða þjónusta; tilgreinið eftir því sem við á hvort um rammasamning er að ræða).
 3. Í það minnsta stutt lýsing á eðli vara, verks eða þjónustu sem boðin er.
 4. a) Form útboðs (auglýsing um hæfismatskerfi, reglubundin kynningarauglýsing; auglýsing eftir tilboðum).
 - b) Tilvísun til birtingar auglýsingarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
 - c) Þegar samningar hafa verið gerðir án undanfarandi útboðs er tekið fram hér hvaða ákvæði í 2. mgr. 20. gr. eða í 16. gr. eiga við.
 5. Útboðsregla (almenn, lokuð eða samstarfsútboð).
 6. Fjöldi tilboða sem bárust.
 7. Hvaða dag tilboði er tekið.
 8. Verð greitt fyrir hagstæð vörukaup samkvæmt j-lið 2. mgr. 20. gr.
 9. Heiti og heimilisfang allra birgja, vertaka eða þjónustuveitenda sem gengið var til samninga við.
 10. Takið fram, þar sem við á, hvort samningurinn hafi verið eða verði hugsanlega boðinn út til undirverktaka.
 11. Greitt verð eða verð hæstu og lægstu tilboða sem tekið er tillit til við gerð samningsins.
 12. Valfrjálssar upplýsingar:
 - sá hluti samnings sem hugsanlega verður boðinn út til undirverktaka og fjárhæð þess hluta,
 - forsendur fyrir vali samningsaðila.
- II. UPPLÝSINGAR SEM EKKI ERU ÆTLAÐAR TIL BIRTINGAR
13. Fjöldi gerðra samninga (þegar samningi hefur verið skipt milli fleiri en eins birgis).
 14. Fjárhæð hvers samnings sem gerður er.
 15. Upprunaland vöru eða þjónustu (í bandalaginu eða utan þess; ef hið síðarnefnda á við skal tilgreina viðkomandi þriðja land eða lönd).
 16. Var gripið til undanþágu frá notkun evrópskra tækniforskrifta sem kveðið er á um í 6. mgr. 18. gr. Ef svo er, hverra?
 17. Hvaða forsendur réðu vali viðsemjanda (hagkvæmasta tilboð; lægsta verð; forsendur heimilaðar samkvæmt 35. gr.)?

⁽¹⁾ Upplýsingarnar í 6., 9. og 11. lið eru ekki ætlaðar til birtingar í þeim tilvikum þegar samningsstofnun telur að birting þeirra kunni að skaða viðkvæma viðskiptahagsmuni.

18. Var tekið tilboði þess bjóðanda sem lagði fram frávíkstilboð í samræmi við 3. mgr. 34. gr.?
 19. Var einhverjum tilboðum hafnað á þeim forsendum að þau væru óeðlilega lág, í samræmi við 5. mgr. 34. gr.?
 20. Dagsetning útsendingar auglýsingarinnar frá samningsstofnunum.
 21. Vegna þjónustusamninga í XVI. viðauka B: samþykki samningsstofnunar fyrir birtingu auglýsingar (3. mgr. 24. gr.).“
-

Yfirlýsing Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin benda á að tilkynningaskyldan, varðandi eiginleika og hlutfallslegan ávinning tilboðsins sem valið var auk nafns bjóðanda sem boðið er að ganga til samninga, í samræmi við fyrsta undirlið 4. mgr. 41. gr., megi ekki skaða lögmæta viðskiptahagsmuni opinberra eða einkarekinna fyrirtækja, einkum að því er varðar birtingu viðkvæmra upplýsinga um viðskipti og tækni.

Þau benda einnig á að í samræmi við 4. mgr. 4 gr. tilskipunar ráðsins 93/38/EBE geta birgjar, verk-takar eða þjónustuveitendur, þ.m.t. sá bjóðandi sem boðinn er samningurinn, krafist þess að samningsstofnun viðhafi leynd, í samræmi við landslög, til að vernda trúnaðarupplýsingar sem þeir veita aðgang að.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin lýsir yfir að á sama tíma og hún mun halda áfram að tryggja að meginreglan um jafnræði milli opinberra eða einkarekinna fyrirtækja sé í heiðri höfð muni hún, til að minnka álagið á samningsstofnanirnar, takmarka beiðnir sínar um tölfraeðiskýrslur samkvæmt 2. gr. 42. gr. við það lágmark sem nauðsynlegt er til að geta staðið við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem samningurinn um opinber innkaup hefur í för með sér.

Á meðan á endurskoðun samningsins um opinber innkaup stendur hyggst framkvæmdastjórnin enn fremur beita sér fyrir því að kröfur um alþjóðlegar tölfraeðiskýrslur verði einfaldaðar. Beri þetta tilætlaðan árangur mun framkvæmdastjórnin gera viðeigandi ráðstafanir til að tekið verði mið að þessu í kröfum um tölfraeðiskýrslur í bandalaginu.
